



Ársreikningur 2011

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Stjórnarháttayfirlýsing	34

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Almennt

Landsnet hf. var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Rekstur ársins 2011

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins og heildarafkoma tæpum 0,8 milljarði kr. Eigið fé félagsins í árslok var um 12,5 milljarðar kr. þar af hlutafé 5,9 milljarðar kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé í árslok 2011 skiptist á fjóra hluthafa líkt og í ársbyrjun, en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsvirkjun	64,73%
Rarik ohf.	22,51%
Orkuveita Reykjavíkur	6,78%
Orkubú Vestfjarða ohf.	5,98%

Í lok ársins 2011 nemur ójafnað tap 5,7 milljörðum kr. og er því ekki heimild til arðgreiðslna.

Samkvæmt gildandi raforkulögum skal Orkustofnun setja Landsneti hf. tekjumörk. Í árslok 2011 liggur ekki fyrir staðfesting Orkustofnunar á uppgjöri tekjumarka félagsins fyrir árin 2006-2010. Að auki liggur ekki fyrir ákvörðun um tekjumörk árána 2011-2015. Þetta veldur nokkurri óvissu um rekstrarniðurstöðu félagsins. Fyrir liggur að félagið hefur haft tekjur umfram tekjumörk síðustu ár og ber því að taka tillit til þess við setningu gjaldskrár. Í skýringu 29 er ítarlega farið yfir stöðu málsins og þá óvissu sem þetta veldur.

Stjórnunarhættir

Stjórn Landsnets hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Til frekari upplýsinga er vísað í stjórnarháttayfirlýsingu sem er hluti af ársreikningi félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2011 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2011.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. febrúar 2012.

Stjórn:

Geir A. Gunnlaugsson
Agnar Olsen
Svana Helen Björnsdóttir

Forstjóri:

Þórður Guðmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsnets hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsnets hf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 23. febrúar 2012.

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson

Rekstrarreikningur ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
Tekjur af raforkuflutningi	5	11.804.961	12.781.452
Aðrar tekjur	6	98.259	65.009
		11.903.220	12.846.461
Rekstrargjöld			
Orkukaup og kerfisþjónusta	7	1.369.140	1.563.765
Rekstur flutningskerfis	8,9	3.447.850	3.377.678
Kerfisstjórn	8,9	941.087	815.552
Annar rekstrarkostnaður	8,9	704.726	748.794
		6.462.803	6.505.789
Rekstrarhagnaður		5.440.417	6.340.672
Fjármunatekjur		84.509	1.121.405
Fjármagnsgjöld		(4.480.655)	(3.276.008)
Hrein fjármagnsgjöld	10	(4.396.146)	(2.154.603)
Áhrif hlutdeildarfélags	15	5.516	8.851
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.049.787	4.194.920
Tekjuskattur	11	(209.957)	(632.336)
Hagnaður		839.830	3.562.584
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár	20	0,14	0,60

Skýringar nr. 1 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Yfirlit um heildarafkomu ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
Hagnaður		<u>839.830</u>	<u>3.562.584</u>
Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé:			
Áhrif tekjuskattsbreytingar á endurmat flutningskerfis		<u>0</u>	<u>(262.515)</u>
Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé samtals		<u>0</u>	<u>(262.515)</u>
Heildarhagnaður ársins		<u><u>839.830</u></u>	<u><u>3.300.069</u></u>

Skýringar nr. 1 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	Skýr.	2011	2010
Rekstrarfjármunir	12	60.187.407	62.155.955
Flutningsvirki í byggingu	12	276.275	425.541
Óefnislegar eignir	13	1.275.937	1.401.758
Eignarhlutur í dótturfélagi	14	500	500
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	15	676.777	51.167
Langtímakröfur	15	34.929	0
Fastafjármunir		<u>62.451.825</u>	<u>64.034.921</u>
Birgðir	16	490.949	499.251
Eignir til sölu	12	0	374.000
Viðskiptakröfur á móðurfélag	30	578.827	498.720
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	17	646.425	849.833
Handbært fé	18	10.510.666	4.255.901
Veltufjármunir		<u>12.226.867</u>	<u>6.477.705</u>
Eignir samtals		<u><u>74.678.692</u></u>	<u><u>70.512.626</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.902.733	5.902.733
Endurmatsreikningur		12.293.653	12.863.228
Ójafnað tap		(5.734.504)	(7.143.909)
Eigið fé	19	<u>12.461.882</u>	<u>11.622.052</u>
Skuldir			
Skuldir við móðurfélag	21	40.828.055	42.136.902
Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir	21	12.319.241	12.115.701
Tekjuskattsskuldbinding	22	1.607.613	1.397.656
Fyrirframinnheimtar tekjur	23	129.008	0
Niðurrifsskuldbinding	24	696.081	752.523
Langtímaskuldir		<u>55.579.998</u>	<u>56.402.782</u>
Skuldir við móðurfélag	21	1.347.270	1.297.882
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	21	4.073.121	119.067
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	26	1.216.421	1.070.843
Skammtímaskuldir		<u>6.636.812</u>	<u>2.487.792</u>
Skuldir samtals		<u>62.216.810</u>	<u>58.890.574</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>74.678.692</u></u>	<u><u>70.512.626</u></u>

Skýringar nr. 1 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Eiginfjáryfirlit ársins 2011

	Hlutafé	Endurmats- reikningur	Ójafnað tap	Samtals
Árið 2010:				
Eigið fé 1. janúar 2010.....	5.902.733	13.709.886	(11.290.636)	8.321.983
Heildarhagnaður ársins.....		(262.515)	3.562.584	3.300.069
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....		(584.143)	584.143	0
Eigið fé 31. desember 2010.....	<u>5.902.733</u>	<u>12.863.228</u>	<u>(7.143.909)</u>	<u>11.622.052</u>
Árið 2011:				
Eigið fé 1. janúar 2011.....	5.902.733	12.863.228	(7.143.909)	11.622.052
Heildarhagnaður ársins.....			839.830	839.830
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....		(569.575)	569.575	0
Eigið fé 31. desember 2011.....	<u>5.902.733</u>	<u>12.293.653</u>	<u>(5.734.504)</u>	<u>12.461.882</u>

Skýringar nr. 1 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		5.440.417	6.340.672
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður fastafjármuna	(24.864)	(1.016)
Afskriftir		2.566.448	2.541.336
Virðisrýrnun eigna í sölumeðferð		0	44.597
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða		<u>7.982.001</u>	<u>8.925.589</u>
Rekstartengdar eignir, lækkun		131.604	95.438
Rekstartengdar skuldir, hækkun		131.450	142.315
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða		<u>8.245.055</u>	<u>9.163.342</u>
Innborgaðar vaxtatekjur		84.509	146.880
Greidd vaxtagjöld og gengismunur	(2.050.296)	(1.949.853)
Handbært fé frá rekstri		<u>6.279.268</u>	<u>7.360.369</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í flutningsvirkjum	12 (672.393)	(1.015.273)
Aðrar fjárfestingar	12 (374.360)	(271.214)
Söluverð rekstrarfjármuna		460.037	1.373
Lækkun hlutafjár í hlutdeildarfélagi		7.741	7.742
Ógreiddur framkvæmdakostnaður, hækkun (lækkun)		16.798	(60.358)
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>562.177)</u>	(<u>1.337.730)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við móðurfélag, breyting		0	(5.756.880)
Afborganir langtímalána og skuldbindinga	(129.294)	(1.749.333)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		129.008	0
Fjármögnunarhreyfingar	(<u>286)</u>	(<u>7.506.213)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		5.716.805	(1.483.574)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		537.960	(124.399)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>4.255.901</u>	<u>5.863.874</u>
Handbært fé í árslok		<u>10.510.666</u>	<u>4.255.901</u>
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:			
Söluverð rekstrarfjármuna	15	662.764	0
Kaupverð eignarhluta í hlutdeildarfélögum	15 (627.835)	0
Langtímakröfur	15 (34.929)	0

Skýringar nr. 1 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Efnisyfirlit skýringa

	bls.		bls.
1. Félagið	11	17. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	23
2. Grundvöllur reikningsskilanna	11	18. Handbært fé	23
3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	11	19. Eigið fé	23
4. Ákvörðun gangvirðis	17	20. Hagnaður á hlut	23
5. Rekstrartekjur	18	21. Vaxtaberandi skuldir	24
6. Aðrar tekjur	18	22. Tekjuskattsskuldbinding	25
7. Orkukaup og kerfisþjónusta	18	23. Fyrirframinnheimtar tekjur	25
8. Laun og launatengd gjöld	18	24. Niðurrifsskuldbinding	25
9. Afskriftir	19	25. Lífeyrisskuldbinding	25
10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	19	26. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	26
11. Tekjuskattur	19	27. Fjármálagerningar	26
12. Rekstrarfjármunir	20	28. Rekstrarleiga	31
13. Óefnislegar eignir	22	29. Óuppgerð tekjumörk	31
14. Eignarhlutur í dótturfélagi	22	30. Tengdir aðilar	32
15. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	22	31. Kennitölur	33
16. Birgðir	23		

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er ársreikningur Landsnets hf. hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun á Íslandi samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 23. febrúar 2012.

b. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil félagsins byggjast á kostnaðarverði, að eftirfarandi liðum undanskildum:

- Flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu verði, sem var gangvirði þess á endurmatsdegi í árslok 2008.
- Fjármálagerningar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.

Nánar er fjallað er um mat á gangvirði í skýringu 4.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýringar nr. 3c og 12- rekstrarfjármunir
- Skýringar nr. 3d og 13- óefnislegar eignir
- Skýringar nr. 3j (i) og 24 - mat skuldbindingar vegna niðurrifskostnaðar
- Skýring nr. 22 - tekjuskattur

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, fyrir utan að áhrif niðurrifsskuldbindingar í rekstri eru sýnd nú meðal fjármagnsgjalda í stað rekstrarkostnaðar og samanburðartölum hafa verið breytt til samræmis.

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

b. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Lán, kröfur og handbært fé eru færð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir, þ.m.t. fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaáðferðir, frh.:

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Hluta af framseldum fjáreignum sem stofnað er til eða haldið eftir af félaginu er sérgreint í ársreikningi sem eign eða skuld.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Félagið flokkar fjáreignir aðrar en afleiðusamninga í eftirfarandi flokka: fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og lán og kröfur.

Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning séu þær veltufjáreign eða ef þær eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir félagsins um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra í samræmi við skrásetta áhættustýringu félagsins eða fjárfestingastefnu. Við upphaflega skráningu er beinn viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar þaðan í frá eru færðar í rekstrarreikning.

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum og sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádraginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum

Til handbærs fjár telst sjóður og óbundnar bankainnistæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Skuldabréf og víkjandi skuldir eru færðar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir, þ.m.t. skuldir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Félagið afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldageringsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Félagið flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda félagsins annarra en afleiðusamninga teljast: lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

(iii) Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar sem þannig myndast eru færðar í yfirlit um heildarafkomu meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(iv) Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé. Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

c. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir félagsins eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádragnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi búnað eru færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði búnaðar. Jafnframt er við ákvörðun kostnaðarverðs tekið tillit til áætlaðs kostnaðar við niðurlagningu eignanna og kostnaðar sem kann að falla til við lagfæringu á þeim stað þar sem eignirnar voru staðsettar.

Þegar einstakir hlutir rekstrarfjármunar hafa ólíkan nýtingartíma eru þeir aðgreindir í bókhaldi og færðir sérstaklega.

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Þannig eru línur og tengivirki félagsins skráð á endurmetnu verði sem er gangvirði þeirra á endurmatstegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eignin var aflað. Endurmat þessara eignanna mun verða framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á gangvirði eignanna m.a vegna utanaðkomandi þátta. Allar verðmatshækkunar vegna þessa endurmatstegis eru færðar á endurmatsteking meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatstekingssins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Línur og tengivirki voru síðast endurmetin í árslok 2008.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru endurmatið flutt á óráðstafað eigið fé.

(ii) Flutningsvirki í byggingu

Flutningsvirki í byggingu eru færð til eignar á því verði sem svarar til aðkeyptrar þjónustu, efnis, beins launakostnaðar og annars beins kostnaðar. Eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru ekki afskrifaðar. Fjármagnskostnaður vegna fjármögnunar á kostnaðarverði flutningsvirkja í byggingu er eignfærður á byggingartíma og talinn hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Eignfærður fjármagnskostnaður er veginn meðalfjármagnskostnaður félagsins á byggingartímanum.

(iii) Leigðar eignir

Leigusamningar félagsins eru skilgreindir rekstrarleigusamningar og eru leigðar eignir ekki færðar í efnahagsreikning félagsins.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengivirki	20 - 40 ár
Háspennulínur	20 - 50 ár
Ljósleiðarar	20 ár
Fasteignir	50 ár
Skrifstofuáhöld, tæki og aðrar eignir	4-10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Óefnislegar eignir

(i) Undirbúningskostnaður

Undirbúningskostnaður er eignfærður meðal fastafjármuna. Hér er aðallega um að ræða kostnað vegna kannana á línustæðum, undirbúnings lagningar flutningsmannvirkja og kostnað tengdan vinnu við umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Félagið hefur samið um að ef verði ekki af framkvæmdum, beri væntanlegir raforkukaupendur útlagðan kostnað vegna þessarar vinnu. Fjármagnskostnaður vegna verkefna sem eru í undirbúningi er eignfærður og er talinn hluti af undirbúningskostnaðinum. Þetta á þó ekki við um verkefni sem eru í bið umfram eðlilegt ferli verkefnisins. Kostnaður er ekki afskrifaður á þessu stigi heldur hefur verið tekið tillit til mögulegrar virðisrýrnunar eins og fram kemur í skýringu 3h.

Þegar ákvörðun um lagningu flutningsmannvirkis hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist, er undirbúningskostnaður vegna flutningsmannvirkisins eignfærður sem flutningsmannvirki í byggingu.

Á hverjum reikningsskiladegi er eignfærður undirbúningskostnaður yfirfarinn af stjórnendum með tilliti til skilyrða reikningsskilareglna um eignfærslu og virðisrýrnun færð ef talið er að forsendur séu ekki lengur til staðar.

Útlagður kostnaður við almennar rannsóknir er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

(ii) Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir

Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Nýtingartími hugbúnaðar er 4 ár.

e. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið á eitt dótturfélag, Landsnet ehf. Ekki er gerður samstæðureikningur og er eignarhluturinn færður á upphaflegu kostnaðarverði. Engin starfsemi hefur verið í dótturfélaginu frá stofnun. Hlutfé þess er 500 þús. kr.

f. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög er félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélög eru fært í ársreikningnum með hlutdeildaraðferð og er í upphafi fært á kostnaðarverði. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

g. Birgðir

Rekstrarvöru- og varahlutabirgðir eru færðar á kostnaðarverði. Úreltar og ónýtar birgðir eru gjaldfærðar. Kostnaður við birgðir er byggður á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni (FIFO) við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

h. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Virði fjáreignar telst hafa rýrnað ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver fyrir sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun endurmats eigna er færð á eigið fé til lækkunar á endurmatsreikningi að því marki sem nemur endurmati vegna þeirrar eignar.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

i. Hlunnindi starfsmanna

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi eftir því sem þau falla til.

(ii) Réttindatengd lífeyriskerfi

Samkvæmt samningi félagsins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) skulu skuldbindingar vegna starfsmanna félagsins sem eiga aðild að LSR gerðar upp árlega. LSR metur sérstaklega í árslok núvirta áfallna lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári og dregur frá útreiknaðri fjárhæð iðgjöld sem starfsmenn og félagið hafa greitt sjóðnum vegna áunninna réttinda á árinu. Mismunurinn er gjaldfærður í rekstrarreikningi og greiddur árlega. Tryggingafræðilegt mat skal miðað við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%.

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarjárnflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

(i) Niðurrifskostnaður

Félagið hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína félagsins og er núvirt fjárhæð færð annars vegar til hækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi. Áætlaður niðurrifskostnaður er núvirtur með nafnávöxtun óverðtryggðra ríkisverðbréfa, í árslok 2011 sem var 6,9% (2010: 5,9%) og er gjaldfærður á meðal fjármagnsgjalda.

k. Tekjur

Tekjur vegna flutnings raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu orkunnar á árinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

Gjaldskrá félagsins er háð umsögn Orkustofnunar. Á grundvelli 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003 setur Orkustofnun félaginu árlega tekjumörk vegna kostnaðar við flutning raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnótenda hins vegar. Í 12. grein raforkulaganna kemur meðal annars fram:

Orkustofnun skal setja flutningsfyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnótenda hins vegar. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til þess hvort tenging stórnótenda leiði eða hafi leitt til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar flutningskerfisins en ella væri.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Rekstrarkostnaði sem tengist flutningsstarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningssskilaaðferðir, frh.:

2. Arðsemi flutningsfyrirtækisins af flutningsstarfsemi skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði, að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld en að frádregnum sköttum (EBIT að frádregnum sköttum) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs flutningskerfisins auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum.

3. Afskriftum af fastafjármunum, sbr. 2. tölul.

4. Sköttum.

Tekjumörk skulu ákveðin til fimm ára í senn en endurskoðuð árlega. Við endurskoðun skal athugað hvort breytingar hafi orðið á forsendum sem lagðar voru til grundvallar við ákvörðun tekjumarkna. Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára við árlegt uppgjör tekjumarkna en uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur skulu aldrei nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjörsárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarkna að uppsafnaðar oftekna tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. Óheimilt er að flytja vanteknar tekjur umfram framangreind viðmið milli ára.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 2. mgr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda.

Eigi síðar en sex vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá flutningsfyrirtækisins send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við flutningsfyrirtækið innan þriggja vikna frá móttöku. Gjaldskráin tekur ekki gildi fyrir en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrána opinberlega.

Með lögum nr. 19/2011 var sett fram bráðabirgðaákvæði um meðferð uppsafnaðra oftekna tekna fyrri ára en þar stendur: "Ef uppsafnaðar oftekna tekjur nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum í árslok 2010 skal flutningsfyrirtækið eða dreifiveita eftir því sem við á setja gjaldskrá sína ár hvert frá og með árinu 2011 og þar til hlutfallið er komið undir 10% þannig að hlutfall uppsafnaðra oftekinna tekna lækki. Skulu uppsafnaðar oftekna tekjur ekki nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum við lok árs 2020. Ef uppsafnaðar vantekna tekjur nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum í árslok 2010 er heimilt að setja gjaldskrá þannig að hlutfallið lækki niður fyrir 10% fyrir lok árs 2020, þó þannig að tekjur hvers árs fari ekki meira en 3% fram úr uppfærðum tekjumörkum þess árs af þessum orsökum. Uppsafnaðar oftekna tekjur í árslok 2010 skulu færðar í bandaríkjadali miðað við gengi þess dags þegar samtala oftekinna tekna liggur fyrir."

Landsnet mun þurfa að endurgreiða mismun tekna og tekjumarkna fyrri ára í samræmi við ákvæðið sbr. skýringu nr. 29.

Gjaldskrá félagsins er tvískipt annars vegar í íslenskum krónum (ISK) og hins vegar í bandarískum dollurum (USD).

I. Leigugreiðslur

Leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar í rekstrarreikning með línulegum hætti á leigutímanum.

Eignaleiga sem svarar til fjármagnskostnaðar og afskrifta á árinu vegna afnota af flutningsmannvirkjum raforkufyrirtækja er gjaldfærð í ársreikningnum. Leigugjaldið er undir eftirliti Orkustofnunar.

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar niðurrifsskuldbindingar, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og virðisryrjun fjáreigna. Lántökukostnaður eru færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

n. Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu ársins er frestaður tekjuskattur. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

o. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

p. Starfspáttayfirlit

Samkvæmt raforkulögum er félaginu einungis heimilt að annast flutning á raforku og kerfisstjórnun á Íslandi, auk þess sem því er heimilt að starfrækja raforkumarkað. Félagið hefur ekki hafið starfrækslu raforkumarkaðar og lítur á núverandi starfsemi sem einn starfspátt og er því ekki birt starfspáttayfirlit.

q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2011 og gilda um árið 2011 og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2011, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin að fullu en talið að þau séu óveruleg.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði á fjáreignum og fjárskuldum og öðrum eignum og skuldum. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörssdags.

b. Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarsjóðflæðis höfuðstóls og vaxta, afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörssdegi.

Skýringar, frh.:

5. Rekstrartekjur

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:	2011	2010
Orkuflutningur	10.325.878	11.261.469
Flutningstap og kerfisþjónusta	1.377.923	1.419.108
Þjónustutekjur	19.127	18.842
Innmötunargjald	82.033	82.033
Tekjur af raforkuflutningi samtals:	<u>11.804.961</u>	<u>12.781.452</u>

6. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:		
Verksölutekjur	66.366	54.239
Húsaleigutekjur	7.029	9.754
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	24.864	1.016
Aðrar tekjur samtals:	<u>98.259</u>	<u>65.009</u>

7. Orkukaup og kerfisþjónusta

Orkukaup og kerfisþjónusta greinast þannig:		
Orkukaup vegna flutningstapa	887.062	1.101.812
Kerfisþjónustukaup	459.163	445.350
Önnur orkukaup	22.915	16.603
Orkukaup og kerfisþjónusta samtals	<u>1.369.140</u>	<u>1.563.765</u>

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	973.906	892.422
Iðgjaldatengdar lífeyrisgreiðslur	114.182	97.922
Réttindatengdar lífeyrisgreiðslur	16.215	17.902
Önnur launatengd gjöld	113.359	102.835
Laun og launatengd gjöld samtals:	<u>1.217.662</u>	<u>1.111.081</u>

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig:

Rekstur flutningskerfis	477.104	431.502
Kerfisstjórn	436.362	388.926
Annar rekstrarkostnaður	304.196	290.653
Laun og launatengd gjöld samtals:	<u>1.217.662</u>	<u>1.111.081</u>

Stöðugildi að meðaltali	109	102
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	94	95

Laun stjórnar, forstjóra og tveggja framkvæmdastjóra voru sem hér segir:

Laun stjórnar	5.040	5.066
Laun og hlunnindi forstjóra	21.181	15.145
Laun og hlunnindi tveggja framkvæmdastjóra	33.892	32.728

Skýringar, frh.:

9. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2011	2010
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 12	2.428.630	2.395.282
Afskriftir og virðisrýrnun ófnilslegra eigna, sbr. skýringu 13	137.818	146.054
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>2.566.448</u>	<u>2.541.336</u>
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Rekstur flutningskerfis	2.398.162	2.352.942
Kerfisstjórn	40.149	44.024
Annar rekstrarkostnaður	128.137	144.370
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>2.566.448</u>	<u>2.541.336</u>

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af bankareikningum	27.079	129.061
Tekjur af verðbréfaeign	57.430	17.819
Gengismunur	0	974.525
Fjármunatekjur samtals	<u>84.509</u>	<u>1.121.405</u>
Vaxtagjöld	(2.202.114)	(2.334.422)
Verðbætur	(2.294.596)	(1.002.536)
Gengismunur	(98.623)	0
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	0	236.644
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar	56.442	(203.622)
Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu	58.236	27.928
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(4.480.655)</u>	<u>(3.276.008)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(4.396.146)</u>	<u>(2.154.603)</u>

Fjármagnskostnaður vegna bygginga á flutningsvirkjum að fjárhæð 58 millj. kr. (2010: 28 millj.kr.), er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum í rekstrarreikningi.

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 8,0% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu á árinu (2010: 5,3%). Um er að ræða meðal fjármagnskostnað félagsins á árinu.

11. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

Reiknaður tekjuskattur ársins	(209.957)	(755.086)
Áhrif breytinga tekjuskattshlutfalls	0	122.750
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>(209.957)</u>	<u>(632.336)</u>

Tekjuskattur færður á eigin fé:

Áhrif tekjuskattshækkunar á tekjuskattskuldbindingu vegna endurmats	0	(262.515)
Samtals	<u>(209.957)</u>	<u>(894.851)</u>

Breyting tekjuskattsskuldbindingar greinist þannig:

Breyting á tímabundnum mismun	211.626	122.306
Breyting á yfirfæranlegu tapi	(421.583)	(877.391)
Áhrif breytingar tekjuskattshlutfalls	0	(139.766)
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	<u>(209.957)</u>	<u>(894.851)</u>

Skýringar, frh.:

11. Tekjuskattur, frh.:

	2011		2010	
Afstemming á virku skatthlutfalli				
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.049.787		4.194.920
Tekjuskattur samkvæmt gildandi				
skatthlutfalli	20,0%	(209.957)	18,0%	(755.086)
Mismunur v/ breytinga á skatthlutfalli	0,0%	0	2,9%	122.750
Virkur tekjuskattur	20,0%	(209.957)	15,1%	(632.336)

12. Rekstrarfjármunir

Forsendur endurmats rekstrarfjármuna

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Á árinu 2008 var endurmat á þessum eignum síðast framkvæmt. Við endurmatið var beitt tvenns konar aðferðum. Annars vegar var litið til áætlaðs endurbyggingarkostnaðar flutningskerfisins, en það var metið af óháðum sérfræðingum í ársbyrjun 2008 og framreiknað til ársloka 2008. Hins vegar var lagt mat á rekstrarvirði með sjóðstreymisgreiningu. Matstímabilið var frá 2009 til 2013 og eftir það reiknað framtíðarvirði rekstrar. Endurmat ársins 2008 byggðist á rekstrarvirði og voru helstu forsendur þess rekstraráætlanir félagsins 2009-2013, 30% eiginfjárlutfall, gjaldskrá félagsins fyrir flutning til dreifiveita fylgdi verðlagsþróun á Íslandi, gjaldskrá félagsins fyrir flutning til stórnotenda fylgi verðlagsbreytingum í Bandaríkjunum og við mat á vegnum meðalfjármagnskostnaði (WACC) var tekið mið af sambærilegum fyrirtækjum erlendis. Það er mat stjórnenda að ekki sé tilefni til endurmats rekstrarfjármuna á árinu 2011.

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur og ljósleiðarar	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2010	21.829.651	45.793.896	2.753.105	70.376.652
Viðbætur á árinu	201.071	240.960	141.221	583.252
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu og				
ófnislegum eignum	235.504	1.552.384	0	1.787.888
Selt og aflagt	0	0	(986)	(986)
Áhrif eigna til sölu	0	0	9.095	9.095
Staða 31.12.2010	22.266.226	47.587.240	2.902.435	72.755.901
Viðbætur á árinu	108.022	101.794	220.552	430.368
Millifært	(196.372)	196.372	0	0
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu og				
ófnislegum eignum	488.231	179.844	0	668.075
Selt og aflagt	0	(732.960)	(987)	(733.947)
Staða 31.12.2011	22.666.107	47.332.290	3.122.000	73.120.397
Afskriftir og virðisryrnun				
Staða 1.1.2010	2.517.384	5.226.940	460.967	8.205.291
Afskriftir ársins	746.592	1.509.976	138.714	2.395.282
Selt og aflagt	0	0	(628)	(628)
Staða 31.12.2010	3.263.976	6.736.916	599.053	10.599.945
Afskriftir ársins	751.760	1.544.455	132.415	2.428.630
Millifært	(7.579)	7.579	0	0
Selt og aflagt	0	(94.916)	(670)	(95.586)
Staða 31.12.2011	4.008.157	8.194.034	730.798	12.932.989

Skýringar, frh.:

12. Rekstrarfjármunir, frh.:

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur og ljósleiðarar	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Bókfært verð				
1.1.2010	19.312.267	40.566.956	2.292.138	62.171.361
31.12.2010	19.002.250	40.850.324	2.303.382	62.155.955
31.12.2011	18.657.950	39.138.256	2.391.202	60.187.407
Bókfært verð án endurmats				
1.1.2010	16.448.685	26.802.708	2.292.138	45.543.531
31.12.2010	16.254.195	27.682.918	2.303.382	46.240.495
31.12.2011	16.025.423	26.567.291	2.391.202	44.983.916

Eignir í sölu

Félagið seldi á árinu 2011 fasteign sína við Bústaðarveg sem áður hýsti m.a. stjórnstöð félagsins. Í árslok 2010 var umrædd eign færð meðal eigna til sölu.

Fasteignamat og váttryggingarverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nemur um 2,5 milljörðum kr. (2010: 3,0 milljarðar kr.). Brunabótamat sömu eigna nemur um 4,6 milljarði kr. (2010: 5,1 milljarðar kr.) og bókfært verð 3,9 milljörðum kr. (2010: 4,5 milljarðar kr.). Váttryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins, annarra en háspennulína og strengja sem tryggð eru með viðlagatryggingu, nemur 37,3 milljörðum kr. (2010: 36,2 milljarðar kr.). Félagið er með viðlagatryggingu að fjárhæð 99,8 milljarðar kr. (2010: 91,3 milljarðar kr.).

Flutningsvirki í byggingu:

	Bókfært verð
Kostnaðarverð	
Staða 1.1.2010	1.612.158
Viðbætur á árinu	539.741
Flutt á rekstrarfjármuni	(1.726.358)
Staða 31.12.2010	425.541
Viðbætur á árinu	518.809
Flutt á rekstrarfjármuni	(668.075)
Staða 31.12.2011	276.275

Skýringar, frh.:

13. Óefnislegar eignir:

	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2010	1.277.786	375.195	1.652.981
Viðbætur á árinu	123.412	6.579	129.991
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(61.529)	0	(61.529)
Staða 31.12.2010	1.339.669	381.774	1.721.443
Viðbætur á árinu	149.317	4.490	153.807
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(56.233)	0	(56.233)
Selt og aflagt	(85.577)	0	(85.577)
Staða 31.12.2011	1.347.176	386.264	1.733.440
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 1.1.2010	45.324	128.307	173.631
Afskriftir og virðisrýrnun ársins	81.626	64.428	146.054
Staða 31.12.2010	126.950	192.735	319.685
Afskriftir og virðisrýrnun ársins	85.464	52.354	137.818
Staða 31.12.2011	212.414	245.089	457.503
Bókfært verð			
1.1.2010	1.232.462	246.888	1.479.350
31.12.2010	1.212.719	189.039	1.401.758
31.12.2011	1.134.762	141.175	1.275.937

14. Eignarhlutur í dótturfélagi

Eignarhlutur í dótturfélagi greinist þannig:

	31.12.2011		31.12.2010	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Landsnet ehf.	100,00%	500	100,00%	500

Eignarhlutur félagsins í Landsneti ehf. er færður á kostnaðarverði þar sem óverulegur rekstur hefur verið í félaginu frá stofnun.

15. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	31.12.2011		31.12.2010	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Orkufjarskipti hf.	50,00%	627.835	-	-
Netorka ehf.	38,71%	48.942	36,58%	51.167
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum samtals		676.777		51.167

Skýringar, frh.:

15. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum frh.:

Í lok ársins tók félagið þátt í hlutafjárukningu í Orkufjarskiptum hf. (áður Fjarski ehf.). Félagið eignaðist 50% eignarhlut í Orkufjarskiptum hf. á móti 50% eignarhlut Landsvirkjunar. Hlutaféð var greitt með afhendingu fjarskiptaeigna félagsins. Heildarvirði framlagðra eigna var metið á 662,8 millj. kr. en hlutafjárukningin nam 627,8 millj. kr. að kaupverði. Mismunurinn 34,9 millj. kr. var greiddur af Orkufjarskiptum með skuldabréfi til Landsnets hf.

Við gerð ársreiknings Landsnets hf. lá ársreikningur Netorku ehf. ekki fyrir en áætluð hlutdeild félagsins í afkomu Netorku ehf. er jákvæð um 6 millj. kr. á árinu 2011 (2010: jákvæð um 9 millj. kr.)

16. Birgðir

Birgðir félagsins eru varahlutir og efnisbirgðir. Niðurfærsla að fjárhæð 10 millj. kr. (2010: 0) var færð til gjalda á árinu.

17. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur:	31.12.2011	31.12.2010
Viðskiptakröfur	500.695	807.150
Aðrar skammtímakröfur	145.730	42.683
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	<u>646.425</u>	<u>849.833</u>

18. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Óbundnar innstæður	10.242.916	3.658.587
Markaðsverðbréf	267.750	597.314
Handbært fé samtals	<u>10.510.666</u>	<u>4.255.901</u>

19. Eigið fé

Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.903 millj. kr. í árslok. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkun rekstrarfjármuna félagsins að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar af endurmatsreikningi á ójafnað tap.

Arður

Félagið greiddi ekki arð á árinu 2011 vegna rekstrarárins 2010 né á árinu 2010 vegna rekstrarársins 2009. Ójafnað tap félagsins nemur 5,7 milljarðar kr. Og er því ekki heimild til arðgreiðslna.

20. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut:

Hagnaður til hluthafa	31.12.2011	31.12.2010
Hagnaður til hluthafa	<u>839.830</u>	<u>3.562.584</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta í árslok	<u>5.902.733</u>	<u>5.902.733</u>
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	0,14	0,60

Skýringar, frh.:

21. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Langtímaskuldir	2011	2010
Verðtryggt skuldabréfalán frá móðurfélagi í íslenskum krónum, fastir vextir 4,21%	40.828.055	38.800.453
Lánasamningur við móðurfélag í bandaríkjadöllum (USD), Libor + álag	3.558.590	3.336.450
Lánasamningur í svissneskum frönskum (CHF), Libor + álag	7.657.983	7.203.755
Verðtryggð skuldabréfalán í íslenskum krónum, fastir vextir 5%	5.175.789	5.031.012
	<u>57.220.417</u>	<u>54.371.670</u>
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(4.073.121)	(119.067)
	<u>53.147.296</u>	<u>54.252.603</u>

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir við móðurfélags greinast þannig:

Áfallnir vextir langtímalána við móðurfélag	1.347.270	1.297.882
Lánasamningur við móðurfélag í USD sem er hluti af næsta árs afborgun	3.558.590	0
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	<u>4.905.860</u>	<u>1.297.882</u>
Þar af fært meðal næsta árs afborgunar	(3.558.590)	0
Skammtímalán við móðurfélag	<u>1.347.270</u>	<u>1.297.882</u>

Skuldabréfalán frá móðurfélagi er verðtryggt kúlulán með lokagjalddaga árið 2020 og vaxtagjalddaga einu sinni á ári. Verðtryggð skuldabréfalán frá þriðja aðila eru jafngreiðslubréf til 25 ára. Lánasamningur við móðurfélag í bandaríkjadöllum nam í árslok 3,6 milljörðum króna og verður greiddur upp í október 2012.

Skilmálar vaxtaberandi skulda

	Lokagjalddagi	2011		2010	
		Vextir	Bókfært verð	Vextir	Bókfært verð
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:					
Skuldir í CHF	2022	0,28%	7.657.983	0,46%	7.203.755
Skuldir í USD	2012	4,07%	3.558.590	3,79%	3.336.450
			<u>11.216.573</u>		<u>10.540.205</u>
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	2020 - 2034	4,21 - 5,0%	46.003.844	4,21 - 5,0%	43.831.465
Vaxtaberandi skuldir samtals			<u>57.220.417</u>		<u>54.371.670</u>
Afborganir greinast þannig á næstu ár:					
				2011	2010
Árið 2012/2011				4.073.121	119.067
Árið 2013/2012				904.094	3.821.733
Árið 2014/2013				911.096	851.804
Árið 2015/2014				918.451	858.457
Árið 2016/2015				926.179	865.448
Síðar				<u>49.487.476</u>	<u>47.855.161</u>
				<u>57.220.417</u>	<u>54.371.670</u>

Skýringar, frh.:

22. Tekjuskattskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:	2011	2010
Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar	1.397.656	502.804
Tekjuskattur ársins færður í rekstrarreikning	209.957	632.336
Tekjuskattsbreytinga á áður fært endurmat flutningskerfis	0	262.515
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember	<u>1.607.613</u>	<u>1.397.656</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:

Rekstrarfjármunir	2.945.402	3.130.833
Óefnislegar eignir	154.274	131.702
Eignarhlutir í félögum	5.072	3.969
Aðrar skuldbindingar	(153.417)	(103.547)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(1.343.718)	(1.765.301)
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember	<u>1.607.613</u>	<u>1.397.656</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins nemur 6,7 milljörðum króna. Tapið er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því það fellur til. Það er mat stjórnenda að rekstur félagsins á næstu árum muni skapa skattskyldar tekjur og áunnið yfirfæranlegt skattalegt tap muni nýtast að fullu. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2011 verður nýtanlegt sem hér segir:

	2011	2010
Tap ársins 2008, nýtanlegt til ársins 2018	<u>6.718.590</u>	<u>8.826.507</u>
Ójafnað skattalegt tap samtals	<u>6.718.590</u>	<u>8.826.507</u>

23. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru vegna tengigjalda sem raforkukaupendur hafa greitt félaginu á árinu. Þær námu í árslok 2011 136 millj. kr. (2010:0). Sá hluti fyrirframinnheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigjöld á árinu 2011 námu 1 millj. kr. (2010:0)

24. Niðurrifsskuldbinding

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:	2011	2010
Staða 1.1.	752.523	582.404
Bakfærsla núvirðingar á árinu	(56.442)	203.622
Lækkun skuldbindingar	0	(33.503)
Staða í árslok	<u>696.081</u>	<u>752.523</u>

Í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla skal stofnverð rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn og síðan núvirtur miðað við forsendur um nýtingartíma. Á móti hefur verið færð upp skuldbinding meðal langtímaskulda. Í rekstrarreikning er færð breyting á skuldbindingunni vegna núvirðingar meðal fjármagnsgjalda auk afskrifta á niðurrifskostnaði meðal rekstrarkostnaðar.

25. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins reiknar í lok hvers árs þá áföllnu lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári. Tryggingafræðilegt mat miðast við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%. Á árinu 2011 eru gjaldfærðar 16 millj. kr. vegna þessa (2010: 18 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

26. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2011	2010
Viðskiptaskuldir	770.410	843.715
Aðrar skammtímaskuldir	446.011	227.128
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>1.216.421</u>	<u>1.070.843</u>

27. Fjármálagerningar

Stýring fjárhagslegrar áhættu

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum félagsins:

- Mótaðilaáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættum, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber að innleiða og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins. Stjórnin sækir ráðgjöf vegna fjármálalegrar áhættu bæði til starfsmanna félagsins og utankomandi ráðgjafa og ræðir reglulega á stjórnarfundum.

Markmið félagsins með virku eftirliti með fjármálalegri áhættu er að uppgötva og greina áhættuþætti tímanlega, greina þær áhættur sem félagið býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir er yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Almennt eru viðskiptamenn félagsins fjárhagslega sterk orkufyrirtæki sem átt hafa viðskipti við félagið frá stofnun. Stærstu viðskiptamenn félagsins eru einnig hluthafar í félaginu. Um 85% (2010: 85%) af flutningstekjum félagsins verða til vegna viðskipta við hluthafa félagsins.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	2011	2010
Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:		
Kröfur á móðurfélag	578.827	498.720
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	646.425	849.833
Handbært fé	10.510.666	4.255.901
Samtals mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	<u>11.735.918</u>	<u>5.604.454</u>

Skýringar, frh.:

27. Fjármálagerningar, frh.:

Virðisrýrnun

Hvorki var færð virðisrýrnun vegna viðskiptakrafna í árslok né gjaldfærðar tapaðar kröfur á árinu og byggir það á mati og reynslu stjórnenda. Frá stofnun Landsnets hefur félagið ekki tapað viðskiptakröfum og hafa forsvarsmenn þess metið lánsáhættu óverulega miðað við núverandi starfsemi. Reglulega er fylgst með innheimtumálum félagsins.

Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Félagið er með veltílán frá móðurfélagi sínu Landsvirkjun og nam lánsheimildin á árinu allt að 50 milljónum USD en í árslok voru nýttar 29 milljónir USD af lánsheimildinni. Félagið mun greiða þessa lánalínu upp á árinu 2012 og mun þá lánsheimildin falla niður.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

2011	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Meira en 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við						
móðurfélag	45.733.915	60.031.225	5.452.282	1.718.861	5.156.583	47.703.499
Langtímask.	12.833.772	17.012.224	805.305	1.190.909	3.632.129	11.383.881
Viðskiptask. og aðrar skammt.sk.	1.216.421	1.216.421	1.216.421	0	0	0
	<u>59.784.108</u>	<u>78.259.870</u>	<u>7.474.008</u>	<u>2.909.770</u>	<u>8.788.712</u>	<u>59.087.380</u>

2010	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Meira en 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við						
móðurfélag	43.434.784	58.882.712	1.848.071	5.166.196	4.900.497	46.967.948
Langtímask.	12.234.768	16.252.621	409.083	769.457	3.370.997	11.703.084
Viðskiptask. og aðrar skammt.sk.	1.070.843	1.070.843	1.070.843	0	0	0
	<u>56.740.395</u>	<u>76.206.176</u>	<u>3.327.997</u>	<u>5.935.653</u>	<u>8.271.494</u>	<u>58.671.032</u>

Skýringar, frh.:

27. Fjármálagerningar, frh.:

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga þess. Markmið með stýringu markaðsáttættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Félagið býr við gengisáhættu vegna tekna, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli félagsins. Starfrækslugjaldmiðill félagsins er íslenskar krónur en verulegur hluti tekna er í bandarískum dollurum (USD). Á árinu 2011 voru 62,1% heildartekna félagsins í bandarískum dollurum (USD) (2010: 64,5%). Innkaup eru aðallega í íslenskum krónum en þó er hluti innkaupa í öðrum myntum en íslenskri krónum, aðallega í evru (EUR) og bandarískum dollurum (USD). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru bandarískir dollarar (USD) og svissneskur franki (CHF). Á árinu 2012 er áætlað að 63,6% heildartekna félagsins verði í bandarískum dollurum (USD).

Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlagengisáhættu en metur reglulega myntsamsetningu skulda félagsins á móti myntsamsetningu tekna og eigna.

Lántaka félagsins í erlendum gjaldmiðlum, bandarískum dollurum (USD) og svissneskum frönskum (CHF), myndar gengisáhættu sem er að hluta til varin með tekjuflæði félagsins. Vextir af þessum lánum eru að jafnaði lægri en af lánum sem félagið tekur í íslenskum krónum.

Áhætta félagsins vegna helstu erlendra gjaldmiðla er sem hér segir í nafnverðsfjárhæðum:

	EUR	CHF	USD
2011			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	963	0	225.536
Skuldir við móðurfélag	0	0	(3.558.590)
Aðrar langtímaskuldir	0	(7.657.983)	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(72.975)	(6.945)	(2.497)
Áhætta í efnahagsreikningi	(72.012)	(7.664.928)	(3.335.551)

2010

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	0	23.867	931.145
Skuldir við móðurfélag	0	0	(3.336.450)
Aðrar langtímaskuldir	0	(7.203.755)	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(35.196)	(35.224)	(1.977)
Áhætta í efnahagsreikningi	(35.196)	(7.215.112)	(2.407.282)

	Meðalgengi		Árslökagengi	
	2011	2010	2011	2010
Gjaldmiðlar				
EUR	161,42	161,89	158,84	153,80
CHF	131,20	117,24	130,66	122,91
USD	116,07	122,04	122,71	115,05

Skýringar, frh.:

27. Fjármálagerningar, frh.:

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum þann 31. desember hefði hækkað (lækkað) afkomu félagsins eftir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Áhrif annarra erlendra gjaldmiðla eru óveruleg. Greiningin byggist á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2010.

	2011	2010
EUR	5.761	2.886
CHF	613.194	591.639
USD	266.844	197.397

Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru bæði með breytilegum og föstum vöxtum. Stærstur hluti lána félagsins ber fasta innlenda vexti samanber skýringu nr. 21.

Vaxtaberandi fjármálagerningar félagsins í árslok greinast þannig:

	Bókfært verð	
	2011	2010
Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Fjárskuldir	11.216.573	10.540.205
Fjármálagerningar með fasta vexti		
Fjárskuldir	46.003.844	43.831.465

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með fasta vexti

Skuldir félagsins sem eru með fasta vextir eru annars vegar kúlulán með einni afborgun árið 2020 við móðurfélag félagsins og hins vegar jafngreiðslu skuldabréfalán til 25 ára. Þessar skuldir eru ekki færðar á gangvirði. Því eiga breytingar á markaðsvöxtum á uppgjörstegi ekki að hafa áhrif á rekstrareikning félagsins.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Breyting á vöxtum um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu um neðangreindar fjárhæðir eftir tekjuskatt. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breyttur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2010.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31. desember 2011		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	(87.027)	53.988
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(87.027)	53.988
31. desember 2010		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	(110.760)	83.255
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(110.760)	83.255

Skýringar, frh.:

27. Fjármálagerningar, frh.:

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	31.12.2011		31.12.2010	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Lán og kröfur	1.225.252	1.225.252	1.348.553	1.348.553
Handbært fé	10.510.666	10.510.666	4.255.901	4.255.901
Skuldir við móðurfélag, langtíma	44.386.645	49.935.197	42.136.902	47.892.714
Aðrar langtímaskuldir	12.833.772	13.282.842	12.115.701	12.937.796
Skuldir við móðurfélag, skammtíma	1.347.270	1.347.270	1.297.882	1.297.882
Viðskiptask. og aðrar skammtímaskuldir	1.216.421	1.216.421	1.070.843	1.070.843
	<u>71.520.026</u>	<u>77.517.648</u>	<u>62.225.782</u>	<u>68.803.690</u>

Vextir við mat á gangvirði

Við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 0,4 prósentustiga álags á uppgjörssdegi.

Flokkun fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstur		Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðar- verði		Bókfært virði
		Lán og kröfur			
2011					
Kröfur á móðurfélag		578.827			578.827
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		646.425			646.425
Handbært fé	267.750	10.242.916			10.510.666
	<u>267.750</u>	<u>11.468.168</u>		0	<u>11.735.918</u>
Skuldir við móðurfélag			44.386.645		44.386.645
Aðrar langtímaskuldir			12.833.772		12.833.772
Viðskiptask og aðrar skammtímaskuldir		1.216.421			1.216.421
	0	<u>1.216.421</u>	<u>57.220.417</u>		<u>58.436.838</u>
2010					
Kröfur á móðurfélag		498.720			498.720
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		849.833			849.833
Handbært fé	597.314	3.658.587			4.255.901
	<u>597.314</u>	<u>5.007.140</u>		0	<u>5.604.454</u>
Skuldir við móðurfélag			42.136.902		42.136.902
Aðrar langtímaskuldir			12.115.701		12.115.701
Viðskiptask og aðrar skammtímaskuldir		1.070.843			1.070.843
	0	<u>1.070.843</u>	<u>54.252.603</u>		<u>55.323.446</u>

Önnur markaðsáhætta

Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Skýringar, frh.:

27. Fjármálagæningar, frh.: Eiginfjárstýring

Samkvæmt lögum nr. 65/2003 er kveðið á um að arðsemi félagsins skuli ákvörðuð út frá vegnum fjármagnskostnaði (WACC). Orkustofnun skipaði þrjá sérfræðinga í nefnd til að ákvarða WACC fyrir flutningsfyrirtækið. Nefndin hefur skilað bráðabirgðaniðurstöðum og er þar sett fram markmið um 45% eiginfjárlutfall fyrir ramma stórnotenda og 30% fyrir ramma dreifiveitna (almening).

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárstöðu.

28. Rekstrarleiga Félagið sem leigutaki

Félagið er með á leigu hluta af flutningsvirkjum innlendra orkufyrirtækja. Leigusamningarnir eru ótímasettir og er útreikningur leiguverðs undir eftirliti Orkustofnunar. Á árinu 2011 námu leigugreiðslur um 74 millj. kr. (2010: 150 millj. kr.)

29. Óuppgerð tekjumörk

Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 skal Orkustofnun setja Landsneti hf. tekjumörk og skulu þau sett fyrirfram og fyrir tiltekið tímabil. Fyrst í stað voru þau einungis sett fyrir einstök ár og gilti það bæði fyrir árin 2005 og 2006. Á árinu 2006 var félaginu í fyrsta sinn sett tekjumörk samkvæmt þágildandi lögum, fyrir þriggja ára tímabil, fyrir árin 2007 – 2009. Tekjumörk fyrir árið 2010 voru ekki sett af Orkustofnun fyrr en í ágúst síðastliðnum og einungis fyrir eitt ár í ljósi breytinga á raforkulögnum.

Með lögum nr. 19/2011 voru gerðar nokkrar grundvallar breytingar á raforkulögnum er snéru að tekjumörkum og nær sú breyting til setningar tekjumarka frá og með árinu 2011. Breytingarnar voru þær helstar að tímabil tekjumarka var lengt í fimm ár, arðsemi skilgreind út frá vegnum fjármagnskostnaði, eignagrunni stórnotenda breytt í bandaríska dollara (USD) auk þess sem tekið var tillit til arðsemi veltufjármuna. Áður var arðsemi félagsins bundin 5 ára óverðtryggðum ríkisskuldabréfum og ákvörðuð sú sama fyrir báða tekjuramma, stórnotendur og dreifiveitur. Samkvæmt núgildandi lögum eru mismunandi arðsemismörk fyrir tekjumörk stórnotenda og dreifiveitna. Tekjumörk skulu sett eigi síðar en 15. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi. Bráðabirgðaniðurstöður arðsemisviðmiða hefur nýlega verið sett fram af fagnefnd sem Orkustofnun tilnefndi á grundvelli laganna og munu þær gilda frá 1. janúar 2011. Arðsemisviðmiðið er grundvallarþáttur í setningu tekjumarka og þar með hverjar heimilaðar tekjur félagsins eru.

Í 12. gr. lið a. í raforkulögum kemur fram að; „Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 12. gr. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda sem skal ákvörðuð í bandaríkjadöllum.“ Tekjumörk fyrir tímabilið 2011 – 2015 hafa ekki verið sett fyrir félagið. Vegna þess og þá einnig vegna tafa við ákvörðun arðsemisviðmiða hefur ríkt óvissa um gjaldskrár félagsins á árinu 2011 og þar með stöðu tekjumarka í lok árs 2011. Sama gildir um tekjumörk og gjaldskrá það sem af er árinu 2012. Veldur þetta nokkurri óvissu um rekstrarniðurstöðu ársins.

Uppgjör árána 2006-2010

Samkvæmt raforkulögum skulu eigi síðar en 1. ágúst ár hvert liggja fyrir uppfærð tekjumörk og uppgjör Orkustofnunar fyrir fyrra ár sem og rökstuðningur fyrir breytingum ef einhverjar eru. Þrátt fyrir ákvæði laga liggur staðfesting á uppgjörum árána 2006 – 2010 ekki fyrir á áritunardegi ársreiknings félagsins fyrir árið 2011. Þær tafir sem verið hafa á því að uppgjör þessara ára liggja fyrir hafa valdið nokkurri óvissu um afkomumælingu fyrirtækisins fyrir árið 2011 og fyrri ár.

Tekjur - umfram tekjumörk

Frá árinu 2005 fram í ágúst 2007 voru tekjur og tekjumörk Landsnets fyrir dreifiveitur og stórnotendur í íslenskum krónum. Í ágúst 2007 var, að fengnu samþykki Orkustofnunar, gjaldskrá stórnotenda færð yfir í bandaríkjadali (USD) og var það í samræmi við hagsmuni þeirra notenda sem starfa að mestu í þeirri mynt. Á þeim tíma var ákveðið að breyta ekki tekjumörkum stórnotenda í samræmi við breyttan gjaldskrárgrunn.

Skýringar, frh.:

29. Óuppgerð tekjumörk frh.:

Í maí 2011 sendi Orkustofnun Landsneti ákvarðanir um setningu og uppgjör tekjumarka fyrir árin 2006 – 2009. Í nóvember 2011 sendi Orkustofnun Landsneti aftur ákvarðanir um uppgjör tekjumarka fyrir árin 2006 – 2010 án þess að draga fyrri ákvarðanir frá maí til baka. Landsnet andmælti seinna uppgjörinu og kærði til úrskurðanefndar raforkumála hvað varðar árin 2006 - 2009. Viðræður hafa verið í gangi á milli Landsnets og Orkustofnunar með það að markmiði að ná niðurstöðu í uppgjör tekjumarka.

Stórnotendur

Í kjölfar hruns í íslensku efnahagslífi og gengisfalls íslensku krónunnar á árinu 2008 jukust tekjur Landsnets vegna stórnotenda verulega í íslenskum krónum. Löggjafinn sýndi vilja til að takast á við þann vanda sem þetta olli í umhverfi tekjumarka og breyta lagaumhverfinu þannig að tekjumörk fyrir stórnotendur yrðu sett í sama gjaldmiðli og gjaldskráin. Með lögum nr. 19/2011 var eignagrunni sem grundvallar arðsemi og afskriftir í tekjumörkum stórnotenda breytt yfir í USD. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er skuld Landsnets við ramma stórnotenda áætluð um 3,5 milljarðar kr.

Dreifiveitur

Í árslok 2011 er óleystur ágreiningur á milli Landsnets og Orkustofnunar um þá arðsemi sem nota skuli við ákvörðun tekjumarka fyrir dreifiveitur á árunum 2006 – 2009 og hvernig tülka skuli bráðabirgðaákvæði raforkulaga er það varðar. Niðurstaða í því ágreiningsmáli liggur ekki fyrir og því er ekki ljóst hver staða tekjumarka dreifiveitna er á þessu tímabili. Miðað við fyrirbyggjandi gögn liggur möguleg fjárhæð á milli engrar skuldar og skuldar að fjárhæð 1,5 milljarðar kr. Landsnet hefur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til að fá úr því skorið hvernig skýra ber umrætt bráðabirgðaákvæði raforkulaga sem hefur gildi fyrir árin 2006 – 2009.

Fjárhæðir

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 19/2011 er kveðið á um að ef um ofteknar tekjur vegna fyrri ára sé að ræða skuli Landsnet hf. setja gjaldskrá sína þannig að að ofteknar tekjur nemi ekki meira en 10% af tekjumörkum í árslok 2020. Ekki er gert ráð fyrir að umrædd staða sé vaxtareiknuð eða verðbætt. Á grundvelli framangreinds lækkaði Landsnet gjaldskrár til stórnotenda í byrjun júní 2011 um 5%.

Eins og fram kemur hér á undan er óvissa um hver heildarfjárhæð tekna umfram tekjumörk vegna áranna 2006 til 2011 er. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er um að ræða heildarfjárhæð á bilinu 3,5 milljarðar kr. til 5,0 milljarðar kr. án tillits til núvirðingar sem myndi lækka skuldbindinguna nokkuð. Að teknu tillit til arðsemisviðmiða sem lögð hafa verið fram er núvirt fjárhæð samsvarandi skuldbindingar, miðað við línulega endurgreiðslu á 10 árum, 2,4 milljarðar kr. til 3,3 milljarðar kr. Óvissuatriði eru nokkur, svo sem uppgjör fjárhæða 2006-2010, fjárhæð tekjumarka 2011, áhrif núvirðingar, framkvæmd lækkunar gjaldskrár, þ.e línuleg eða á annan hátt. Ákvæði laga nr. 19/2011 gera ekki kröfu til Landsnets um að afhenda reiðufé eða aðrar eignir vegna oftekinna tekna né setur löggjafinn kröfu á félagið um að afhenda viðbótarþjónustu án endurgjalds, heldur skuli oftaka tekna leiðrétt í gegnum almennar breytingar á flutningsgjaldsskrá á næstu tíu árum. Með hliðsjón af fjárhagsstöðu félagsins og rekstraráætlunum næstu ára er það mat stjórnenda að ofangreind staða muni ekki hafa áhrif á greiðslugetu félagsins.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga, ákvæði laga um endurgreiðslu oftekinna tekna og ákvæða alþjóðlegra reikningsskilastaðla eru í reikningssskilum Landsnets fyrir árið 2011 ekki færð nein áhrif vegna uppgjörs tekjumarka 2006-2011.

30. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Móðurfélag, aðrir hluthafar, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Viðskipti við lykilstjórnendur

(i) **Greiðslur til lykilstjórnenda**

Auk þess að þiggja laun njóta forstjóri og framkvæmdastjórar félagsins bifreiðahlunninda og framlags í réttindatengda lífeyrissjóði. Upplýsingar um laun stjórnenda eru í skýringu nr. 8.

Skýringar, frh.:

30. Tengdir aðilar frh.:

Önnur viðskipti við tengda aðila

	2011	2010
Sala á vöru og þjónustu:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	6.425.860	7.029.305
Aðrir hluthafar	3.876.713	3.875.086
Samtals sala á vöru og þjónustu til tengdra aðila	<u>10.302.573</u>	<u>10.904.391</u>
Kostnaður:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	1.162.453	1.391.220
Aðrir hluthafar	573.704	741.964
Hlutdeildarfélag Landsnets	471	649
Samtals kostnaður við tengda aðila	<u>1.736.628</u>	<u>2.133.833</u>

Auk kostnaðar hér að ofan greiddi félagið móðurfélagi sínu vaxtagjöld að fjárhæð 1.855 millj. kr. (2010: 1.980 millj. kr.) vegna skuldabréfa.

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	2011		2010	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	578.827	0	498.720	0
Aðrir hluthafar	313.717	(6.491)	477.237	(204.507)
	<u>892.544</u>	<u>(6.491)</u>	<u>975.957</u>	<u>(204.507)</u>

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

	2011	2010
Vaxtaberandi skuldir við móðurfélag, sbr. skýringu 21	44.386.645	42.136.903
Áfallnir vextir við móðurfélag	1.347.270	1.297.882
	<u>45.733.915</u>	<u>43.434.785</u>

31. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:

EBITDA	<u>8.006.865</u>	<u>8.882.008</u>
--------------	------------------	------------------

Efnahagur:

Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,84	2,60
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	16,7%	16,5%
Arðsemi eigin fjár	7,2%	42,8%

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir Landsnets hf.

Hlutverk Landsnets samkvæmt Raforkulögum nr. 65/2003 er að reka flutningskerfi raforku og annast kerfisstjórnun. Fyrirtækinu ber að tryggja og viðhalda hæfni flutningskerfisins til lengri tíma og tryggja rekstraröryggi raforkukerfisins. Landsnet á einnig að sjá til þess að jafnvægi sé á milli framboðs og eftirspurnar rafmagns á hverjum tíma og annast uppgjör orkuflæðis á landsvísu. Þá á fyrirtækið að stuðla að því að efla virkni raforkumarkaðarins

Stjórnarhættir

Stjórn Landsnets hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 18. júní 2009. Stjórn setur sér starfsreglur, þar sem valdssvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Núverandi starfsreglur voru staðfestar á aðalfundi Landsnets 31. mars 2010 og eru aðgengilegar á aðalskrifstofu fyrirtækisins.

Innra eftirlit og áhættustýring

Til að tryggja að reikningsskil Landsnets séu í samræmi við góða reikningsskilavenju hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar ásamt rýni fyrir einstakar deildir er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilkþáttum starfseminnar. Mánaðarleg uppgjör eru unnin og lögð fyrir stjórn félagsins. Stjórn félagsins hefur eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins og fær reglubundna skýrslugjöf varðandi hana. Upplýsingar um áhættustýringu má finna í skýringu nr. 27 í ársreikningi félagsins.

Gildi félags og siðareglur

Starfsmönnum ber að hafa gildi Landsnets að leiðarljósi í öllum störfum sínum og athöfnum. Gildin taka mið af hlutverki og framtíðarsýn fyrirtækisins og eru grundvöllur þess fyrirtækjabrags sem sóst er eftir. Gildi Landsnets eru: áreiðanleiki, framsækni, hagsýni og virðing. Megininntak þeirra er sem hér segir:

- Áreiðanleiki. Við sýnum sjálfstæði um leið og við gætum trúnaðar og jafnræðis gagnvart viðskiptavinum. Í allri framgöngu okkar og vinnubrögðum sýnum við heilindi og samviskusemi.
- Framsækni. Við tökum frumkvæði, leitum tækifæra og vinnum að stöðugum umbótum. Við erum skapandi og þróum aðferðir og lausnir sem örva samkeppni. Við leggjum metnað okkar í skjóta og markvissa úrlausn verkefna.
- Hagsýni. Við sýnum ráðdeild, förum vel með aðföng og fjármuni og höfum arðsemismarkmið að leiðarljósi.
- Virðing. Við setjum viðskiptavininn í öndvegi, berum virðingu fyrir umhverfinu og drögum úr óæskilegum áhrifum starfseminnar. Við berum virðingu fyrir samstarfsmönnum og skoðunum þeirra og gerum ekki málamiðlanir þegar öryggi einstaklinga er annars vegar.

Siðareglur Landsnets voru samþykktar á stjórnarfundi 25. júlí 2005 og eiga að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni starfsfólks gagnvart hvert öðru, gagnvart fyrirtækinu og viðskiptavinum þess. Reglunum er einnig ætlað að efla traust og tiltrú viðskiptavina og almennings á Landsneti og að takmarka hættuna á því að álit almennings á Landsneti bíði hnekki. Það er mat stjórnar Landsnets að skýrar siðareglur, sem hafðar eru í heiðri í daglegum störfum, séu grunnur að velgengni og framtíðarvexti fyrirtækisins. Siðareglur Landsnets ná til allra starfsmanna félagsins, einnig til stjórnarmanna og forstjóra. Siðareglur Landsnets hf. eru aðgengilegar á aðalskrifstofu félagsins.

Landsnet leggur áherslu á sterka samfélagsvitund. Í stefnumiðum félagsins segir að við uppbyggingu flutningskerfisins ber að hafa í huga þjóðhagslegan ávinning og að óæskileg áhrif starfseminnar á umhverfið séu lágmörkuð. Að Landsnet standi við skuldbindingar sínar og styðji verkefni sem tengjast starfsemi fyrirtækisins og eru til þess fallin að styrkja samfélagið.

Stjórnskipulag Landsnets

Helstu einingar í stjórnskipulagi Landsnets eru stjórn og framkvæmdastjórn félagsins. Þá gegna 2 nefndir skipaðar af stjórn, Endurskoðunarnefnd og Starfskjaranefnd, veigamiklum hlutverkum.

Stjórnarháttayfirlýsing frh.:

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í samræmi við ákvæði í lögum um stofnun Landsnets nr. 75/2004 og Raforkulögum nr. 65/2003 skulu stjórnarmenn í félaginu vera að öllu leyti óháðir vinnslu-, dreifingar- og sölufyrirtækjum raforku, hvort sem slík fyrirtæki eru eigendur félagsins eður ei. Er þetta gert til að fullnægja lögbundnum kröfum um að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis í starfsemi sinni.

Vegna hinnar sérstöku stöðu félagsins skv. III. kafla raforkulaga og ríkra skyldna til þess að gæta hlutleysis og jafnræðis skal áréttað að hluthöfum er óheimilt að skipta sér af einstökum úrlausnarefnum er varða starfrækslu Landsnets hf.

Afskipti hluthafa skulu að meginstefnu til takmarkast við almennar stefnumarkandi ákvarðanir á reglulegum hluthafafundum, t.a.m. um fjárhagsleg markmið rekstrar félagsins.

Stjórn

Stjórn Landsnets hf. hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórn ber ábyrgð á stefnumótun félagsins og stærri ákvörðunum á milli hluthafafunda sem m.a. eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Hún hefur eftirlit með öllum rekstri félagsins og fylgir því eftir að starfsemin sé að jafnaði í réttu og góðu horfi. Hún tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna félagsins og góð regla sé á bókhaldi og uppgjöri. Stjórnin ræður forstjóra félagsins, en kjör hans eru ákvörðuð af Kjaraáði.

Í stjórn Landsnets eru kjörnir þrír aðalmenn en þeir eru:

Geir A. Gunnlaugsson, formaður stjórnar

Geir A. Gunnlaugsson er fæddur 30. júlí 1943 og er til heimilis í Reykjavík. Hann stundaði nám í vélaverkfræði við Háskóla Íslands, lauk M. Sc. prófi í vélaverkfræði frá Tækniháskóla Danmerkur og síðan Ph. D. prófi frá Brown University í Bandaríkjunum. Hann var prófessor í vélaverkfræði við Verkfræðideild Háskóla Íslands á árunum 1975 til 1986. Hann var framkvæmdastjóri Kísilmálmvinnslunnar á Reyðarfirði 1983 – 1987, framkvæmdastjóri Marel 1987 – 1999, framkvæmdastjóri Hæfis og stjórnarformaður Reyðaráls 2000 – 2002 og framkvæmdastjóri Sæplasts/Promens 2003 – 2006. Geir hefur setið í samninganefndum stjórnvalda um orkufrekan iðnað og sat í stjórn Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar á árunum 1988 - 1997, þar af stjórnarformaður 1989 – 1997. Geir hefur setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja, bæði innlendra og erlendra, samtaka og stofnana og hefur viðtæka reynslu af rekstri fyrirtækja bæði hérlendis og erlendis. Hann situr í stjórn eftirtalinna fyrirtækja: Polyform AS, Noregi, stjórnarformaður, 3X Technology ehf., stjórnarformaður, Fálkinn hf., stjórnarformaður og Jarðboranir hf., stjórnarmaður. Geir var kosinn í stjórn Landsnets á aðalfundi félagsins þann 31. mars 2011.

Agnar Olsen, stjórnarmaður

Agnar Olsen er fæddur 9. mars 1943 og er til heimilis í Garðabæ. Hann nam fyrrihluta byggingarverkfræði í Háskóla Íslands en hélt síðan til náms í tækniháskóla Danmerkur og lauk prófi (MSc) þaðan í byggingarverkfræði. Starfaði í eitt ár hjá Landsvirkjun en var næstu fjögur árin á Verkfræðistofu dr. Gunnars Sigurðssonar. Agnar hóf þá aftur störf á Landsvirkjun, fyrst á línudeild fyrirtækisins, síðan yfirverkfræðingur á verkfræðideild og framkvæmdastjóri verkfræði- og framkvæmdasviðs. Síðustu þrjú árin var Agnar skrifstofustjóri á skrifstofu forstjóra uns hann lét af störfum í lok apríl 2011. Agnar hefur setið í ýmsum stjórnnum og nefndum á vegum Landsvirkjunar og Samorku. Agnar var kosinn í stjórn Landsnets á aðalfundi félagsins þann 31. mars 2011.

Svana Helen Björnsdóttir, stjórnarmaður

Svana Helen Björnsdóttir er fædd 20. desember 1960 og er til heimilis á Seltjarnarnesi. Hún stundaði nám í rafmagnsverkfræði í Háskóla Íslands, en lauk framhaldsnámi í raforkuverkfræði við Technische Universität Darmstadt í Þýskalandi. Hin síðari ár hefur hún aðallega starfað á sviði upplýsingatækni og er nú forstjóri Stika ehf. Hún hefur lokið námi í rekstrarverkfræði frá Háskóla Íslands, er með alþjóðleg starfsréttindi sem vottaður úttektarmaður stjórnkerfa sem byggja á ISO/IEC 27001 og hefur jafnframt setið í ýmsum stjórnnum og ráðum bæði hérlendis og erlendis. Svana situr í stjórn Stika ehf. Hún hefur mikla reynslu af fyrirtækjarekstri, alþjóðlegu samstarfi og útlutningi. Svana Helen var kosin í stjórn Landsnets á aðalfundi félagsins þann 31. mars 2009.

Varamaður í stjórn er Guðrún Ragnarsdóttir.

Stjórnin hélt 18 fundi á árinu 2011 og einungis einn stjórnarmaður með forföll á einum fundi.

Stjórnarháttayfirlýsing frh.:

Framkvæmdastjórn Landsnets

Þórður Guðmundsson, forstjóri, situr í framkvæmdastjórn

Þórður er fæddur 2. október 1949 og er til heimilis í Garðabæ. Hann stundaði nám í lðnskólanum í Reykjavík, Tækniskóla Íslands, Háskóla Íslands og Tækniháskólanum í Þrándheimi, en þar lauk hann námi í rafmagnsverkfræði 1978. Þórður hóf störf hjá Landsvirkjun 1978, starfaði sem verkfræðingur í rekstrardeild fyrstu árin, síðan sem yfirverkfræðingur þar til hann var ráðinn rekstrarstjóri 1992. Við skipulagsbreytingar 1997 tók hann við stöðu framkvæmdastjóra flutningssviðs og gegndi þeirri stöðu þar til hann var ráðinn forstjóri Landsnets frá 1. janúar 2005.

Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru falin öðrum skv. lögum nr. 2/1995 og samþykktum félagsins. Forstjóri stendur fyrir rekstri félagsins í samræmi við reglur eða ákvarðanir stjórnar, samkvæmt samþykktum hans og lögum. Forstjóri ritar firma félagsins og hefur prókúru fyrir það. Forstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmönnum félagsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar að fengnu samþykki stjórnar félagsins. Forstjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfseminni fylgja. Honum ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir innan félagsins. Forstjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn félagsins og fylgjast með því að það eftirlitskerfi sé skilvirkt. Forstjóri undirbýr fundi stjórnar ásamt formanni hennar og gefur stjórninni reglulega skýrslu um störf og hagi félagsins. Forstjóri er stjórnarmaður í Landsneti ehf. og situr í stjórn Samorku.

Aðrir í framkvæmdastjórn eru:

Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála

Endurskoðunarnefnd

Núverandi endurskoðunarnefnd Landsnets hf. var skipuð þann 10. nóvember 2011 og í henni sitja:

Ólafur Nilsson, endurskoðandi, formaður,

Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Landsnets hf.

Svana Helen Björnsdóttir, stjórnarmaður í Landsneti hf.

Endurskoðunarnefnd Landsnets hf. hefur sett sér starfsreglur og er hlutverk hennar skilgreint í þeim en þar segir: Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun ef við á og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis félagsins og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

Þá gerir nefndin tillögur að úrbótum og tekur til umfjöllunar mál að beiðni stjórnar.

Endurskoðunarnefnd fundaði formlega tvisvar sinnum á árinu 2011 auk undirbúningsfundar að hausti. Á fundi endurskoðunarnefndar í mars 2011, mætti meirihluti þáverandi stjórnar Landsnets. Skipuð var ný endurskoðunarnefnd á stjórnarfund þann 10. nóvember 2011 og hélt sú nefnd tvo fundi á árinu 2011 og mættu allir skipaðir nefndarmenn á þá fundi með einni undantekningu. Núverandi endurskoðunarnefnd hefur fundað reglulega frá skipun hennar og haldið fjóra formlega fundi, auk undirbúningsfundar, frá desember 2011 til mars 2012 og verið fullskipuð í öll skiptin með áður nefndri undantekningu.

Starfskjaranefnd

Stjórn Landsnets hf. fer með hlutverk starfskjaranefndar. Landsnet hf. hefur sett fram starfskjarastefnu sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 31. mars 2011. Starfskjarastefnan er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Málefni tengd starfskjaranefnd eru tekin fyrir á stjórnarfundum þegar við á.